

# Viðbragðsáætlun ef Almannavarnir gefa út viðvörðun um hættuástand

Upplýsingar eru á: <https://www.facebook.com/almannavarnir> og [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is)

**Ef ákvörðun um rýmingu** verður tekin þá verða foreldrar að sækja börnin í íþróttahús/félagsmiðstöð.

## Helstu skref:

1. **Almannavarnir tilkynna**
2. **Starfsmenn upplýsa**
3. **Manntal**
4. **Nemendur í sal**
5. **Foreldrar sækja**

## **Starfsmenn**

- Koma upplýsingum út í öll rými skv. upplýsingum frá Almannavörðum.
- eru í samskiptum við lögreglu og Almannavarnir.
- Koma börnum yngri en 18 í íþróttasal íþróttamiðstöðvar.
- fylgjast með rýmingarferlinu og aðstoða eftir þörfum bæði foreldra og notendur.
- bíða með nemendum inni í sal þar til foreldri eða staðgengill sækir nemanda. Nemendur fá ekki að fara úr húsi einir
- Þegar búið er sækja flesta nemendur, verður þeim sem eftir eru komið heim ef að aðstandendur eru þar.
- fara síðastir úr húsi og ganga úr skugga um að allir séu farnir út, gluggar og hurðir lokaðar, útidyr læstar. Að lokum eru upplýsingar veittar til lögreglu og Almannavarna um rýmingu félagsmiðstöðvar annarsvegar og íþróttahúss hins vegar..

## Foreldrar:

- Neyðarlínan 112 annast boðun þegar ákveðið hefur verið að virkja viðbragðsáætlunina.
- Foreldrar/staðgenglar þurfa að sækja börnin í íþróttahús.
- Ekkert barn verður sent út án fylgdar foreldris/staðgengils.
- Starfsmaður verður í íþróttahúsi/félagsmiðstöð þar til búið er að sækja alla nemendur eða koma þeim í öruggt skjól í samvinnu við lögreglu eða björgunarsveit.
- Foreldrar verða að gera ráð fyrir miklu umferðarálagi í Vogum og þá sérstaklega við íþróttahúsið komi til rýmingar. Benda má foreldrum á að jafnvel verður fljótlegra að koma fótgangandi.

## Viðbrögð við gasmengun:

- Ef möguleg hættuástand er að vera betra að halda kyrru fyrir innandyra.
- Ef til gasmengunar kemur breytist vinnulagið að því leiti að börnum er haldið í húsi þar til skilaboð berast frá Almannavörðum um annað.
- Loka gluggum og útihurðum. Hækka hita í stofum og bleyta handklæði/tuskur og setja í opnanleg fög. Slökkva á öllum loftræstingum.